

Erindisbréf framkvæmdaráðs hjúkrunarheimilanna í Fjarðabyggð

Umboð

1. gr.

Framkvæmdaráð starfar í umboði félagsmálanefndar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

Verksvið

2. gr.

Framkvæmdaráð skal mótun stefnu fyrir hjúkrunarheimilin og vera framkvæmdastjóra hjúkrunarheimilanna ráðgefandi við ákvarðanir er varða rekstur hjúkrunarheimilanna.

Helstu verkefni

3. gr.

- Ákvörðun um vistun fólks á hjúkrunarheimilunum er í höndum framkvæmdastjóra samkvæmt þeim verklagsreglum er gilda hverju sinni. Komi upp vafi um inntökuröð fólks getur framkvæmdastjóri vísað málum til framkvæmdaráðs.
- Aðkoma að vinnu við fjárhagsáætlun og starfsáætlun hjúkrunarheimilanna.
- Leiðsögn og stuðningur við rekstur hjúkrunarheimilina eftir því sem við á t.d. útboð og samningar við ríkið.
- Önnur þau verkefni sem félagsmálanefnd ákveður að framkvæmdaráð sinni og varða hjúkrunarheimilin.

Skipan

4. gr.

Framkvæmdaráð er skipað þremur kjörnum fulltrúum úr félagsmálanefnd Fjarðabyggðar og tveimur til vara. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og félagsmálanefndar. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri Fjarðabyggðar starfa með framkvæmdaráði.

Boðun funda og ritun fundagerða

5. gr.

Framkvæmdaráð fundar að jafnaði annan hvern mánuð og skulu fundir boðaðir með tveggja sólarhringa fyrirvara. Framkvæmdastjóri boðar til fundar og útbýr dagskrá í samráði við formann félagsmálanefndar og fjármálastjóra. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja fundi framkvæmdaráðsins. Framkvæmdaráð getur boðað einstaka starfsmenn Fjarðabyggðar til fundarins ef þurfa þykir. Fjármálastjóri skal skrá fundargerð og setja hana til kynningar sem dagskrárlið á næsta fundi félagsmálanefndar.

Ákvarðanir framkvæmdaráðs

6. gr.

Hver fulltrúi framkvæmdaráðs hefur eitt atkvæði á fundum ráðsins. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri hafa málfrelsis og tillögurétt á fundum.

Annað

7. gr.

Framkvæmdaráði skal greitt fyrir hvern fund með sama hætti og greitt er fyrir fundi í félagsmálanefnd. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fá ekki greitt fyrir fundarsetu. Ágreiningsmál er kunna að koma upp milli framkvæmdaráðs og framkvæmdastjóra ber að vísa til félagsmálanefndar. Framkvæmdaráð annast ekki ráðningu framkvæmdastjóra eða annarra starfsmanna hjúkrunarheimilanna og fjallar ekki um kjör þeirra.

Samþykkt í bærarstjórn Fjarðabyggðar 1. nóvember 2018


Karl Ottar Pétursson
bærarstjóri

